

Sveitarfélögin gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

um þátttöku í stofnkostnaði og rekstri fjölbrautaskóla í Keflavík.

1. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaði skipta sveitarfélögin á milli sín ár hvert í hlutfalli við fólksfjölda þeirra 1. des. árið áður, og þar með talinn flutningskostnaður nemenda.

Fjölbrautaskólinn skal vera sérstök rekstrareining og hafa aðskilinn fjárhag frá sveitarfélögunum.

2. gr.

Fjölbrautaskólinn leigi nýbyggingu við Gagnfræðaskólann í Keflavík og yfirtaki skólahúsnæði Iðnskóla Suðurnesja eftir nánari samkomulagi. Þátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði þessara bygginga verður 60% miðað við byggingarvísitölu 1. marz, 1976, en sveitarfélögin greiði 40% miðað við sömu dagsetningu.

3. gr.

Sveitarfélögin og Menntamálaráðuneytið gera með sér sérstakan samning og verði þar nánari ákvæði um stjórn skólans og skiptingu kostnaðar skv. 4.gr. laga nr. 14. 1973, þar sem ekki sé um lakari kjör að ræða en í samningum Reykjavíkurborgar og Hafnarfjarðar um þeirra fjölbrautaskóla.

4. gr.

Eignaréttur sveitarfélaganna að skólahúsnæði og stofnbúnaði er í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

5. gr.

Samkomulag það er gert var við byggingu Iðnskólans fellurniður við gerð þessa samnings.

Hluti sveitarfélaga miðað við fólksfjölda 1. des. 1975 (bráðabirgðatölur):

	<u>fjöldi í %</u>	<u>40% stofnkostn.</u>	<u>50% rekstr.k.</u>
Miðneshreppur	9,06%	3,624%	4,53%
Keflavík	51,53%	20,612%	25,765%
Njarðvík	14,49%	5,796%	7,245%
Vatnsl.str.hr.	3,63%	1,452%	1,815%
Grindavík	13,89%	5,556%	6,945%
Gerðahreppur	6,28%	3,512%	3,14%
Hafnahreppur	<u>1,12%</u>	<u>0,448%</u>	<u>0,56%</u>
	100,00%	40,00%	50,00%